

Þing Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna nóvember 2005
Ávarp Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ

Ingibjörg, ágætu félagar

Ég þakka ykkur fyrir að þjóða mér að ávarpa þingið. Ég veit af reynslu að það verður giftudrjúgt í störfum sínum. Það er mikill samhljómur með því sem þið eruð að gera hér og þeim viðfangsefnum sem við erum að fást við á vettvangi Alþýðusambandsins. Dagskráin endurspeglar þannig þau mál sem eru efst á baugi.

Efnahagsmálin eru auðvitað viðvarandi umfjöllunarefni á okkar vettvangi. Edda Rós, sem við þekkjum mörg hver – og teljum okkur alltaf eiga dálítið í henni – fjallar um efnahags- og kjaramál. Ég geri ráð fyrir því að yfirskriftin hjá henni, segi eitthvað til um það sjónarhorn sem hún hefur valið sér. Það er nefnilega þannig – og það hefur ekki farið framhjá neinum – að stjórnvöld hafa stýrt efnahagsmálunum eins og línudansarar.

Ráðamenn hafa teft á tæpasta vaðið í flestu tilliti og því miður hafa menn stundum stigið út af línunni. Það kemur þá í hlut annarra að lyfta þeim upp á línuna aftur. Þannig er ástandið núna. Línudansarinn er ekki lengur á línunni og við vitum ekki enn hvort öryggislinan heldur. Það kemur væntanlega í ljós á næstu dögum og Gylfi fer nánar yfir þá stöðu hér á eftir.

Umræðan um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur verið meðal þeirra verkefna sem hafa tekið hvað mestan tíma í starfi okkar á undanförunum misserum. Síðastliðið vor hleyptum við af stokkunum verkefni sem við höfum kallað "einn réttur – ekkert svindl!". Í ljós hefur komið að ekki var vanþörf á, því víða á vinnumarkaði viðgengst margvísleg misnotkun – einkum í tengslum við útlendinga.

Almennt má segja að það hafi verið nokkurt undanhald í ýmsum málum sem við töldum að væru frágengin fyrir löngu, sum þeirra jafnvel fyrir áratugum. Sum fyrirtæki hafa gengið á lagið og nýtt erlent vinnuafli til að knýja niður kjörin á vinnumarkaðnum. Við munum ekki sætta okkur við að tapa réttindum og kjörum sem við höfum gengið að sem vísam í langan tíma. Við getum ekki látið það viðgangast og verðum að mæta því af fullri hörku og einurð. Það er þó nauðsynlegt að taka af allan vafa um það að við erum ekki að amast við útlendingum í íslensku þjóðlífi. Fjarri því. Málið snerist ekki síst um að tryggja að þessir félagar okkar sitji við sama borð og annað launafólk og staða þeirra sé ekki notuð til að þoka niður kjörum og réttindum íslenskra launamanna. Samfélaginu ber að tryggja þessu fólki mannsæmandi húsnæði, tungumálakennslu og félagsleg réttindi.

Stefán Ólafsson prófessor hefur í gegnum tíðina sett þessa hluti í samhengi sem allir skilja. Hann hefur til dæmis varað við amerikaniseringu á velferðarkerfinu og bent á að allur hagvöxtur undanfarinna ára í Bandaríkjunum hafi lent í vasa þeirra sem mest höfðu fyrir. Ég hlakka til að heyra hann setja þróunina og aðstæður á íslenskum vinnumarkaði núna í stærra samhengi. Ég veit að það á erindi við okkur akkúrat núna við þessar aðstæður.

Síðan ætlið þið að ræða lagamál og skipulag. Mér er kunnugt um að á síðasta þingi fór fram mikil umræða um þessi viðfangsefni, sem hljóta eðli máls samkvæmt að vera stöðugt til umfjöllunar. Viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar taka stöðugt breytingum, þó undirtónninn sé alltaf sá sami. Við þurfum að bregðast við nýjum aðstæðum svo sem alþjóðavæðingu, tæknibreytingum og sífelldum breytingum hvað varðar eignarhald, staðsetningu fyrirtækja og vinnubrögð.

Við þurfum alltaf að vera í takt við tímann, svo ég vísi til yfirskriftar þessa dagskrárlíðar. Þá á ég ekki við það að við eigum að hlaupa á eftir öllum tískustraumum. Okkur er hins vegar nauðsynlegt að skynja tíðarandann og vera reiðubúin að bregðast við honum og á stundum að nýta hann málstað okkar til framdráttar.

Á vettvangi Alþýðusambandsins hefur farið fram mikil vinna í þessu sambandi á undanförunum misserum. Það var fjallað um málið á síðasta ársfundi og teknar ákvarðanir um að stíga ákveðin skref. Ársfundurinn samþykkti nýja framtíðarsýn Alþýðusambandsins. Vafalaust munu einhverjir segja að hér sé ekkert nýtt á ferð – og þeir hafa heilmikið til síns máls. Í nýrri framtíðarsýn er ekki hvikað í neinu frá þeim áherslum og stefnumálum sem við höfum skilgreint og haldið á lofti á undanförunum árum. Hins vegar er leitast við að meitla í örstuttan texta megininntakið.

Mig langar til að lesa fyrir ykkur upphafið að þessum texta, en þar segir.

Alþýðusamband Íslands er heildarsamtök launafólks á Íslandi og beitir sér fyrir velferð og lífsgæðum landsmanna. Það berst fyrir bættum kjörum, jöfnum rétti, sömu launum fyrir sömu störf og leggur sérstaka áherslu á jafnan rétt óháð kyni, búsetu og þjóðerni.

Þannig hljóðar upphafið og þó þetta sé ekki langur texti, segir hann heilmikið um þann grundvöll sem við stöndum á og skilgreinum starf okkar út frá. Ársfundurinn setti einnig jafnréttismálin í ákveðinn farveg og samþykkti til viðbótar að gera stórátak í kynningarmálum hreyfingarinnar. Það kostar peninga og vinnu, en við notum nú þegar umtalsverða fjármuni í þessi mál og gætum örugglega nýtt þá betur – og alla vinnuna – með því samræma betur hvað við segjum og hvernig við komum því á framfæri. Þessari vinnu – sem við höfum kallað Staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar – er engan veginn lokið. Við höfum eytt miklu púðri í greiningarvinnu, en erum nú að skilgreina aðgerðir sem taka mið af þeirri vinnu. Ég vænti mikils af þessu verkefni. Við þurfum ekki að búast við árangri í einni svipan. Ímyndarvinna er langtímaverkefni og því lýkur aldrei. Aðalmálið er að vera meðvitaður um mikilvægið og að verkinu sé sinnt í samræmi við það.

Eitt af því sem við höfum rætt um við ríkisstjórnina að undanförunu eru lífeyrismálin. Eins og við þekkjum var samið um aukið framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði og við höfum þurft að útfæra með hvaða hætti það kemur inn. Í þeirri vinnu hefur komið fram með skýrari hætti en áður að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar – það að við lifum lengur og aukin örorkubyrði, eru íþyngjandi fyrir sjóðina. Að undanförunu hafa ýmsir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði þurft að skerða lífeyri til að reyna að halda í horfinu vegna örorkubyrðarinnar. Ef stjórnvöld koma ekki með beinum hætti að fjármögnun hennar, þá mun enn draga í sundur með lífeyrisréttindum launafólks á almennum vinnumarkaði og annarra. Þegar kjarasamningarnir voru undirritaðir árið 2004, þá gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu þess efnis að farið yrði í viðræður um þetta mál. Komi ríkisstjórnin myndarlega að fjármögnun örorkubyrðarinnar - og það verður ríkisstjórnin að gera - þá erum við vonandi að stíga skref í átt til jöfnunar lífeyrisréttinda okkar og annarra. Tengt allri vinnunni í kringum lífeyrismálin hefur síðan verið umræðan um aldurstengingu lífeyrisréttinda, sem ég geri ráð fyrir að Gunnar Páll muni fræða ykkur um hér á eftir.

Ein af uppsprettum mismununar í þjóðfélaginu er menntakerfið. Nærtækt er að benda á fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Um leið er menntakerfið – ef rétt er á haldið – sterkasta tækið til að minnka muninn og auka á jafnréttið. Krafan um jafnrétti til náms er eitt stærsta viðfangsefnið í því sambandi. Það var því heldur dapurleg framsetningin í fjárlagafrumvarpinu, þar sem því var lýst hvernig ætlunin væri að ráðstafa 870 milljóna viðbótarframlagi í menntamál. Auðvitað mörg góð og þörf viðfangsefni á ferðinni, en ekki króna af þessum 870 milljónum í starfsmenntamáli! Þetta er dapurlegt. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að Stefanía muni fjalla um þessi mál á eftir og þið í kjölfarið ræða starf starfsmenntasjóðanna og starfsmenntun almennt. Þeim tíma er vel varið.

Eðli málsins samkvæmt verður rætt um kjaramálin og endurskoðun kjarasamninga á þessu þingi. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að stöðunni í þeim málum, eins og hún blasir við mér. Þegar kjarasamningar voru undirritaðir á fyrri hluta ársins 2004, var samið til fjögurra ára. Sumir töldu að þetta væri of langur samningstími og höfðu þá í huga þá óvissu sem var framundan í efnahags- og atvinnumálum. Við litum hins vegar þannig á, að með langtímasamningi værum við að leggja lóð á vogarskálarnar til að tryggja stöðugleika og lága verðbólgu. Trú fólks á langtímasamninga byggist ekki síst á því að þegar reynir á endurskoðunarákvæðin, þá sé kúrsinn leiðréttur. Þess vegna eru endurskoðunarákvæðin í samningunum lykilatriði. Þar var annars vegar gengið út frá ákveðinni þróun í verðlagsmálum og niðurstöðu í samningum annarra hópa. Samið var um að tvisvar á samningstímanum kæmi svokölluð forsendunefnd saman, en í henni eru tveir fulltrúar okkar og tveir frá SA. Fyrri endurskoðunartímabilið er núna. Nefndin er að störfum. Það eru ekki deilur í henni um að verðlagsforsendur hafi ekki staðist. Verðbólgan er ekki 2,5% eins og gengið var út frá við samningsgerðin, heldur 4,2% samkvæmt síðustu mælingu og hefur undanfarna mánuði verið umtalsvert meiri en það. Í verðbólgu eru fólgin mikil örlög fyrir launafólk. Hún hefur ekki einungis áhrif á verðlag á vörum og þjónustu sem við kaupum dags daglega – heldur og ekki síður á skuldbindingar og skuldabyrði til framtíðar. Sem dæmi má nefna, þá er meðalskuldbyrði venjulegrar fjölskyldu 8 til 9 milljónir og hækkun verðlags um 1% þýðir að skuldabyrðin hækkar um tæpar 90 þúsundir króna. Forsendunefndin hefur setið stíft við undanfarið en þar reynir á hvort ekki tekst að láta samningana halda. Það er mikið í húfi. Öll nálgun í þessu máli á okkar vettvangi síðustu vikunnar hefur verið í nánu samráði við formenn landssambanda og stærstu félaga. Við höfum líka átt fundi með ríkisstjórninni. Þessi samtöl gengu heldur stíðlega framan af, en mál þó þokast í áttina undanfarna daga. Á þessari stundu er ekki meira um þetta að segja – viðræður eru í gangi. Ég er bjartsýnni í dag en ég var fyrir svo sem eins og viku síðan, en menn verða auðvitað að vinna vel og leggja sig fram næstu daga ef þetta á að takast.

Ágætu félagar

Ég las hér áðan upphafsorðin í þeirri framtíðarsýn sem Alþýðusambandið samþykkti á nýafstöðnum ársfundi. Mér finnst vel við hæfi að ljúka máli mínu hér í dag með því að lesa lokaorðin í framtíðarsýninni, en þau eru þessi.

ASÍ gerir sér grein fyrir styrk heildarinnar og kappkostar að vinna daglegt starf sitt með þeim hætti að launafólk fylki sér að baki samtökunum, jafnt í varðstöðu þeirra sem sókn, og leggist með þeim á árar til þess að gera gott samfélag ennþá betra.

Með þessum orðum óska ég ykkur enn og aftur velfarnaðar í störfum ykkar á þessu þingi. Ég veit að þið munuð hafa þessi sannindi að leiðarljósi.